

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Rekstur deilda janúar til september 2023

**Dags:** 15. nóvember 2023

**Málsnúmer:** 202311183/-

**Sendandi:** Anna María Axelsdóttir, verkefnastjóri á fjármála- og áhættustýringarsviði

### Forsaga:

Fjármáladeild tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B - hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Ársfjórðungsyfirlitið er án samrekinna byggðasamlaga. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins auk þess sem fjárhagsupplýsingar þriðja ársfjórðungs ársins 2023 eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald.

### Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A- og B - hluta fyrstu níu mánuði ársins 2023.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 16.910 m.kr. sem er að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur af útsvari og fasteignaskatti eru lítillega hærra en áætlað en framlög frá Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Launakostnaður var 6.516 m.kr. og er lítillega lægri en fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 8.213 m.kr. sem er lítillega lægra en áætlað. Afskriftir voru 401 m.kr. sem er lítillega lægra en áætlað.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 1.782 m.kr. sem er 423 m.kr. betri niðurstaða en áætlað.

Fjármagnskostnaður er 1.353 m.kr. sem eru 384 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af herra vaxtastigi og meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins er því jákvæð um 401 m.kr. sem er 39 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,  
Anna María Axelsdóttir

### Fylgiskjal:

- Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.